



Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
(sent á rafrænu formi á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is))

Dags: 7. febrúar 2014

**Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumótandi Byggðaáætlun 2014-2017, 256 mál sem lagt var fyrir Alþingi á 143. Lögjafarþingi 2013-2014.**

**Frá : Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða (Atvest), Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri.**

Í kafla 3.2. Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu í Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017, eru talin upp sérverkefni. Atvest gerir hér með tillögu um að eftirfarandi sérverkefnum verði bætt við.

Nýr liður í kafla 3.2 verði d liður: Kalkþörungánám og vinnsla hefur alla burði til þess að verða stórt atvinnuþróunarverkefni á norðanverðum Vestfjörðum. Námur í Ísafjarðardjúpi er gróflega hægt að met á um 100 milljónir tonna en þetta þarf að rannsaka betur vísindalega. Námurnar í Arnarfirði eru metnar á 35 milljónir tonna og vinnsluleyfi þar miðast við að taka úr námum um 60-80 þúsund tonn árlega sem í dag skapa beint um 20 störf með tilheyrandi magfeldisáhrifum. Það er því hægt að byggja upp sambærilegt og hugsanlega stærra verkefni m.t.t. Ísafjarðardjúps. Ljóst er að þetta þarf að rannsaka betur m.t.t. námustaðsetninga og umhverfisáhrifa.

Nýr liður í kafla 3.2 verði e liður: Sjókvíaeldi er vaxtaratvinnugrein á Vestfjörðum. Hana þarf að styðja með vísindalegum grunnrannsóknnum sem hafa það að markmiði að varpa ljósi á burðarþol einstakra fjarða og svæða með tilliti til uppbyggingu á eldi og annarri hafsækinni atvinnustarfsemi. Jafnfram verði unnið í lagasetningu um skipulag haf- og strandsvæða sem taki mið af vísindarannsóknnum, burðarþoli og sjálfbærri nýtingu fjarðanna undir marvíslega hafsækna atvinnustarfsemi þ.m.t. sjókvíaeldi.

#### Kostnaðarmat við ofangreinda liði

Atvest hefur í vinnu sinni í samstarfi við fjárfesta og framkvæmdaraðila í kalkþörungaverkefninu áætlað að kostnaður við grunnrannsóknir sé á bilinu 40-45 milljónir króna.

Atvest hefur í vinnu sinni með Eldisklasa Vestfjarða sem er samstarfsvettvangur leiðandi fyrirtækja í laxeldi í sjó metið kostnað við vísindalegar grunnrannsóknir um 40 milljónir króna. Í þessu verður markmið að vera í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun Íslands um áframhaldandi rannsóknir.

#### Rök með ofangreindum verkefnum

Vestfirðir er svæði þar sem hefur verið viðfarandi fólkfækkun á síðastliðnum árum og frá árinu 2000 hefur Vestfirðingum fækkað um 14,66% og frá 1911 hefur Vestfirðingum fækkað um 47,19%. Byggðapróun mælt í fólksfjölda sýnir fram á dapurlega mynd og þróun af Vestfjörðum.

Miðað við atvinnulífsgreiningar Atvest þá er staða fyrirtækja á Vestfjörðum ekki góð. Geta fyrirtækja til þess að stunda markvissar rannsóknir, fjárfesta í nýsköpun og sprotum er takmörkuð. Jafnvel má leiða líkur að því að hún sé engin. Stuðningur hins opinbera í nýsköpun og grunnrannsóknnum er því

mikilvægur liður í að vinna markvisst gegn frekari samdrætti og hnignun svæðisins. Eitt af því sem er augljóst hvað Vestfirði varðar er einhæfni atvinnulífsins, byggð stendur og fellur með sjávarútvegi. Frekari vöxtur í hefðbundnum bolfiskveiðum og vinnslu er takmarkaður nema komi til miklar fjárfestingar og tilfærslur á aflaheimildum. Það er því nauðsynlegt að hugað sé að fleiri leiðum til þess að nýta sjávarauðlindina með fjölbreyttari hætti en eingöngu með hefðbundnum fiskveiðum og vinnslu. Bæði ofangreind verkefni snúa að fjölbreyttari nýtingu á sjávarauðlindinni.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vinnur nú með innlendum og erlendum fjárfestum að fýsileikakönnun á kalkþörunganámi og vinnslu í Ísafjarðardjúpi og hluti af þeirri könnun er að leita leiða til að fjármagna og framkvæma ofangreindar grunnrannsóknir á kalkþörungasetlögum í Ísafjarðardjúpi. Jafnframt vinnur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða með öllum eldisfyrirtækjum sem hafa hug á laxeldi í því umfangi að það komi til með að hafa veruleg áhrif á svæðisbundið hagkerfi Vestfjarða. Það er nú þegar búið að fjárfesta fyrir á fimmta milljarð króna í sjókvíaeldi og nú þegar starfa tæplega 100 manns við eldið. Það sem er hindrun fyrir efnahagslegum vexti í báðum þessum verkefnum er fjármögnun á grunnrannsóknum sem hér með er gerð tillaga um að verði viðbót í Byggðaáætlun 2014-2017.